

3. fundur

Jólafundur Beta-, Mý- og Nýdeilda haldinn á Hótel Kjarnalundi 28. nóvember 2019 kl. 19:00

Setning fundar

Sigríður Magnúsdóttir formaður Betadeildar bauð fundarkonur hjartanlega velkomnar á sameiginlegan jólafund deildanna og lýsti ánægju með að Nýdeild tæki nú þátt í þessum fundi. Sigríður þakkaði sérstaklega fyrir að veðrið léki við okkur að þessu sinni. Sigríður kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og flutti síðan eina heildarkveðju frá fjarstöddum konum. Dagskrá fundar fór síðan fram milli rétta í borðhaldi ásamt samsöng sem María Gunnarsdóttir stjórnaði.

Orð til umhugsunar

Kristín G. Snæland úr Nýdeild flutti orð til umhugsunar og gerði að umtalsefni sínu undirbúning jólahalds og áherslur á hið sérstaka hjá hverjum og einum á aðventunni. Hún hvatti konur til að njóta aðventunnar og hafa stressið í lágmarki.

Brynhildur Þórarinsdóttir flutti erindi

Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og kennari við Háskólann á Akureyri fjallaði um lestur bóka og mikilvægi lesturs barna og unglunga fyrir íslenska tungu sem og aðra menningu. Hún sagði frá tildrögum að nýútkominni bók, Ungfrú fótbolti, og lýsti hvernig efni bókarinnar tengist hennar eigin uppvaxtarárum þar sem stelpur lutu í lægra haldi fyrir strákum í fótboltaíðkun. Þær hafi ekki fengið sömu tækifærin því samfélagið gerði ekki ráð fyrir því. Sagan hverfist einnig um framboð Vigdísar Finnbogadóttur til forseta Íslands og hvernig sá atburður skoraði á hólmi viðteknum venjum samfélags. Um leið lýsir sagan umhverfi Breiðholtsins í kringum 1980. Brynhildur las skemmtilegan kafla úr bókinni sem vakti lukku hlustenda.

Jólaminning

Katrín Fjóra Guðmundsdóttir úr Mýdeild sagði frá dvöl á Nýja-Sjálandi á jólum fyrir nokkrum árum hjá skiptinemafjölskyldu dóttur hennar. Katrín sagðist hafa upplifað allt

annað jólhald en hefðbundið myndi teljast á Íslandi og átti greinilega góðar og sterkar minningar frá þessum jólum.

Sigríður minnti fundinn á þyngju Betasystra til stuðnings stúlkum í Afríku sem gekk á milli.

Fundarslit

Sigríður slökkti á kertum og sleit fundi formlega kl. 21:30.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir